

Sp.

17. Tillaga til þingsályktunar

[17. mál]

um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Gísli Guðmundsson,
Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson,
Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganevnd til þess að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem bestum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd þá. Allsherjarnefnd mælti öll með samþykkt hennar með nokkrum minni háttar breytingum, sem að álitu flutningsmanna eru ekki til bóta. Er því tillagan endurflutt óbreytt ásamt með greinargerð þeirri, sem henni fylgdi.

Íslendingar eiga mikið undir því að útflutningsverzlunin sé rekin á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Aukið framleiðslumagn og fjölbreyttari framleiðslutegundir krefjast þess, að beitt sé visindalegum aðferðum í markaðsleit og í auglýsinga- og kynningarstarfsemi. Stöðugt vaxandi samkeppni um kaupmátt neytendanna og háþrúð tækni í vörukynningarstarfsemi hinna völdugu verzlunarhringa gerir aðstöðu þeirra, sem hafa ekki bolmagn eða þekkingu til að fylgjast með þróuninni, stöðugt erfiðari.

Ekki verður hjá því komizt, að við Íslendingar nýtum nýjustu sölutækni fyrir útflutningsafurðir okkar, og sömuleiðis hlýtur stofnun nýrra fyrirtækja að grundvallast meira en verið hefur á ýtarlegum markaðsrannsóknnum. Að visu hafa stærstu útflutningsgreinar fiskiðnaðarins unnið gott starf á þessu sviði, a. m. k. á einstökum mörkuðum, en hins vegar er aðstaða smærri framleiðenda mjög erfið að þessu leyti, enda er útflutningsiðnaður okkar Íslendinga tiltölulega smár, jafnvel miðað við einstök fyrirtæki erlendis. Rétt virðist því að athuga, hvort ekki komi til greina einhvers konar sameiginleg þjónusta í markaðsrannsóknnum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, a. m. k. fyrir þær útflutningsatvinnugreinar og þau útflutningsfyrirtæki, sem versta aðstöðu hafa til slíkrar starfsemi á eigin spýtur.

Hið opinbera getur veitt mikla og dýrmæta aðstoð í þessum efnnum með því að standa fyrir þeirri athugun, sem hér er lögð til, og með því að efla hvers

konar upplýsingastarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna, bæði innanlands og á vegum utanríkisráðuneytisins, svo sem flestar menningarþjóðir hafa gert um áratuga skeið með miklum árangri. Við sendiráð flestra ríkja eru starfandi verzlunarfulltrúar, sérmenntaðir um markaðsmál, er vinna að öflun og útbreiðslu alls konar upplýsinga. Telja má, að nokkrum árangri megi ná með slíkri þjónustu.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að skipulegar markaðsrannsóknir og starfsemi til þess að vinna nýja markaði og nýta betur hina eldri, fullkomin upplýsinga-, kynningar- og auglýsingaþjónusta, ásamt sérhæfðri sölustarfsemi, séu forsendur fyrir arðbærri framleiðslu og undirstaða þess, að hún sé í sem fyllstu samræmi við kröfur markaðanna. Slík starfsemi er hins vegar ekki á færi einstakra smærri útflytjenda, og er því nauðsynlegt að athuga, á hvern hátt má veita þeim þessa nauðsynlegustu þjónustu.

Komið gæti til greina að setja á fót stofnun, sem veitti þessa þjónustu þeim, sem þess óskuðu, með markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi. Slík stofnun þyrfti að hafa á að skipa færustu sérfræðingum, og ætti hverjum útflytjanda að vera frjálst að leita þjónustu hennar fyrir hæfilegt gjald. Stofnun sem þessi, ef sett verður á fót, ætti fyrst og fremst að vera frjáls rannsóknarstofnun undir sérstakri stjórn, óháð beinum afskiptum ríkisvaldsins og án skuldbundinnar þátttöku atvinnuveganna, en veitti þeim útflytjendum þjónustu, sem þess óskuðu. Vel má vera, að stærstu útflytjendur sjávarafurða þyrftu ekki á slíkri þjónustu að halda, en því er alls ekki svo farið um marga hina minni og sérstaklega ýmsar iðngreinar, sem verið er að reyna að koma á fót til útflutningsframleiðslu. Sú athuga, sem hér er lagt til að gerð verði, ætti að leiða í ljós, hvort æskilegt sé að koma á fót slíkri stofnun, og nánar, hvert verksvið hennar ætti að verða, eða á hvern hátt annan sameina má kraftana í markaðsrannsókn, markaðsleit og sölu-tækni með nýjustu aðferðum.

Einnig er lagt til, að athugað sé, á hvern hátt má auka gæðaeftirlit. Ekki er það hugmynd flutningsmanna, að setja þurfi upp nýja stofnun, sem annist allt gæðaeftirlit á útflutningsvörum landsmanna. Hins vegar virðist eðlilegt, ef niðurstaðan verður sú að setja upp sameiginlega stofnun, eins og að ofan greinir, sem veiti þjónustu í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, að sú stofnun gangi úr skugga um gæði þeirrar framleiðslu, sem flutt kann að verða út fyrir hennar tilstilli. Gæti hún þá stuðzt við það gæðaeftirlit, sem fyrir er í landinu, og stuðlað á einn hátt eða annan að endurbótum og eflingu gæðaeftirlits, þar sem þess er þörf. Stofnanir sem þessar eru algengar erlendis, og leggja framleiðendur þá oft mikla áherzlu á að fá viðurkenningu slíks aðila á framleiðslu sinni, t. d. með því að prenta viðurkenningu stofnunarinnar á smekklegan hátt á merki framleiðslunnar. Gæti það orðið mjög þýðingarmikill þáttur í útflutningi íslenzkrar framleiðslu, ef einhver slíkur aðili gæti áunnið sér viðurkenningu erlendis sem tryggingu fyrir gæðum framleiðslunnar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja áherzlu á, að máli þessu sé hraðað og niðurstöður séu lagðar fyrir næsta Alþingi.